

09/06/2022

Ársskýrsla skólasafns Brekkuskála 2021-2022



Skólasafn

Efnisyfirlit

Skólasafn Brekkuskóla	2
Safnkostur.....	2
Notkun safnkosts og lán milli safna	3
Stefnumótun og starfsáætlun	4
Lestrarhvatningarverkefni	7
Samstarf.....	7
Að lokum	7
Fylgiskjal 1 Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla 2019-2024	9
Fylgiskjal 2 Starfsáætlun 2021-2022	11

Skýrslu þessari er ætlað að veita upplýsingar um skólasafn Brekkuskóla, starfsemi og nýtingu safnkosts.

Í skólanum eru um 500 nemendur og 80 starfsmenn. Safnstjóri er Sigríður Margrét Hlökkversdóttir, netfang: sighlo@akmennt.is og starfsmaður á safni er Gunnar Orri Árnason, netfang: gunnararna@akmennt.is. Safnstjóri heldur úti samskiptasíðu á Facebook og vefsíðu *Gaman og gagn á skólasafni* <https://gamanoggagn.wordpress.com/>.

Skólasafn Brekkuskóla

Skólasafnið í Brekkuskóla er staðsett á miðhæð við aðalinngang. Safnið er 107,7 fermetrar með sætum fyrir 16-25 nemendur. Á safninu eru 16 borðtölvur, auk þeirra eru tveir tölvuvagnar með 24 Chromebook tölvum og einn tölvuvagn með 12 Ipad spjaldtölvum sem eru til útláns í kennslustofur. Námsgögn, grunnbækur og vasareiknar fyrir nemendur á mið- og unglingastigi eru lánuð út af safninu. Gögn þessi eru ýmist lánuð yfir önnina eða allt skólaárið. Auk þess geta nemendur og starfsfólk fengið lánaðar bækur til frístundalesturs. Útlánatími er þá þrjár vikur en auðvelt er að endurnýja útlán eftir þörf hverju sinni. Að vori þegar skóla lýkur þarf að skila öllum gögnum sem skráð eru á safnið. Yfir sumarið er nemendum ráðlagt að leita til Amtsbókasafnsins.

Safnið er opið á skólatíma frá 8-16. Námsaðstaða er fyrir nemendur og eru nemendur á unglingastigi sérstaklega hvattir til að nýta aðstöðuna ef eyður eru í stundaskrá. Kennarar geta nýtt sér skólasafnið sem framlengingu á eigin skólastofu og komið með hópá í verkefnavinnu í samráði við safnstjóra. Safnið er opið fyrir útlán þó svo að þar séu hópar við nám undir handleiðslu kennara eða á eigin vegum. Mikilvægt er að ganga alltaf rólega um safnið og sýna tillitssemi svo þar sé þægilegt að vera.



Safnkostur

Safnkostur er skráður í Landskerfi bókasafna sem er aðgengilegur á netinu Gegnir.is/Leitir.is. Hann er byggður upp í samstarfi við nemendur, kennara, stjórnendur og foreldra. Bókum er raðað eftir flokkunarkerfi Dewey en þá er fræðiritum raðað eftir efni og skáldritum eftir höfundum.

Safngögn	Eign í byrjun 2021	Aðföng	Afskrifað	Eign í lok 2021
Fræðibækur og skáldsögur	27.210	1.416	1.051	27.575
Tímarit	457	2	2	457
Skyggjur (flokkar)	1		1	0
Snældur (eintök titla)	2			2
Hljómdiskar (eintök titla)	85		1	84
Hljóðbækur (AUDSP, CDSPO, MP3)	342	2	21	323
Myndbönd (eintök titla)	12		1	11
Mynddiskar/DVD	108			108
Tölvuforrit	36			36
Gagnasamstæður (eintök titla)	33	1		34
Möppur	35			35
Ljósmyndir og nótur	5			5
Spil	293	34	13	314
Tæki - tölvur, myndavélar ofl.	692	188	64	816
Samtals	29.311	1.643	1.154	29.800

Heildar framlag til skólasafnsins veturinn 2021 – 2022 var 783.798 kr. Lögð hefur verið áhersla á að kaupa bækur fyrir Byrjendalæsi á yngsta stigi og bækur til ánægjulestrar fyrir öll stig. Fræðibækur um fjölbreytt efni voru keyptar fyrir ritgerðavinnu og fyrir ánægjulestur. Handbækur og fræðibækur fyrir kennara voru keyptar eftir þörfum ásamt námsspilum. Safninu berast af og til gjafir frá nemendum, foreldrum og starfsfólki. Auk þeirra barst árið 2021 eins og undanfarin ár gjöf frá Foreldrafélagi Brekkuskóla sem færði skólasafninu bækur að andvirði um 175.000 kr. Einnig barst bóka gjöf frá útgerðarfélaginu Brim hf, alls sex barnabækur þýddar úr spænsku. *Litla fólkið og stóru draumarnir* heitir bóka flokkurinn sem Maria Isabel Sanches Vegara er höfundur að og segir sögur fólks sem hefur látið drauma sína rætast. Bækurnar eru fyrir alla en sérstaklega ætlaðar börnum á aldrinum þriggja til tíu ára og fjalla um fólk sem hefur unnið afrek á mismunandi sviðum, t.d. jafnréttis, íþróttar, menningar, nýsköpunar og vísinda.

Notkun safnkosts og lán milli safna

Heildarfjöldi útlána bóka var 14.468 og annarra gagna var 480. Útlán á bókum voru bæði innan skólans, heim til nemenda og til annarra safna. Skólasöfnin á Eyjafjarðarsvæðinu og Amtsbókasafnið á Akureyri eru lánþegar á safninu og eru millisafnalán til og frá þeim ekki skráð sérstaklega. *Bókasafn Móðurmáls - Móðurmál, samtök um tvítyngi* lánaði í vetur safninu bækur á pólsku.

Stefnumótun og starfsáætlun

Unnið er eftir aðfangastefnu, grísjunaráætlun og umbótaáætlun sem settar voru 2020 til fimm ára. Á haustin er gerð starfsáætlun fyrir safnið, þá eru viðburðir settir upp í tímalínu. Starfsáætlun er síðan send til kennara í tölvupósti, hér má sjá tímalínu verkefna:

Alþjóðadaður læsis 8. september 2021. Þema ársins var *Lestur er bestur fyrir jörðina*. Hefð er fyrir því að afhenda viðurkenningar fyrir sumarlestur á þessum degi en dagurinn féll á útivistardag skólans svo afhending viðurkenninga fyrir Sumarlestrarbingó Brekkuskóla færðist yfir á 9. september. Nokkrir nemendur á yngsta stigi tóku þátt í lestrinum en skráning á lestri sumarsins virðist hafa fallið niður hjá mörgum. Mikilvægt að halda þessu áfram fyrir þá nemendur sem vilja taka þátt.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september 2021. Uppstilling á bókum sem tengjast íslenskri náttúru.

Evrópski tungumáladaðurinn 26. september 2021 féll á sunnudag í ár. Uppstilling texta á ýmsum Evrópskum tungumálum.

Vika bannaðra bóka 26. september - 2. október 2021. Lögð er áhersla á tjáningarfrelsi og frelsið til að tjá hugmyndir, jafnvel þær sem eru óhefðbundnar og óvinsælar. Vakin athygli á bókum sem hafa verið bannaðar eða reynt hefur verið að banna. Í 9. og 10. bekk var lögð áhersla á að kynna þessar bækur fyrir nemendum með áherslu á mikilvægi tjáningarfrelsis og gagnrýna hugsun. Nemendur völdu sér bækur, öfluðu sér upplýsinga um bækurnar og unnu veggspjöld til að kynna þær og hvers vegna reynt var að banna þær.

Alþjóðlegi bangsadaðurinn 27. október 2021. Bangsakosning í 1.-3. bekk. Nemendur gáfu uppáhalds bangsasögum sitt atkvæði. Valið stóð á milli sagna um: Paddington, Bangsímon, Birnina þrjá, Bjarnastaðabangsana, Bjarnabófana, Rasmus klump, Pöndur, Skógarbirni og Ísbirni. Listi yfir bangsabækur lagður fram ásamt skjákynningu á Alþjóðlega bangsadeginum.

Hrekkjavaka 31. október 2021. Þakkarhátíð fyrir uppskeru sumarsins og boðuð koma vetrar. Draugasögum stillt upp á safninu.

Baráttudaður gegn einelti 8. nóvember 2021. Listi yfir bækur sem tengjast viðfangsefninu lagður fram og deilt með kennurum. Bókum stillt upp á safninu og kennarastofu. Upplýsingar á: <https://gegneinelti.is> og <https://www.heimilioskoli.is/fraedsla/einelti/>

Norræna bókmenntavikan 15. - 21. nóvember 2021. Þema ársins var **Draumar og þrjár á Norðurlöndunum**. Fánur og bókum eftir norræna höfunda stillt upp á safninu. Upplýsingar um bókmenntavikuna eru á: <https://www.nordisklitteratur.org/is>

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember 2021. Samkomutakmarkanir voru í skólanum vegna Covid19. Bókum og efni tengt Jónasi Hallgrímssyni stillt upp á safninu. Upplýsingar og hugmyndir

eru á: <https://jonashallgrimsson.is/> og https://vefir.mms.is/dagsins/dag_isl_tung/index.htm Á þessum degi hefst undirbúningur 7. bekkjar fyrir Stóru upplestrarhátíðina sem haldin er í mars ár hvert. Upplýsingar á: <http://upplestur.hafnarfjordur.is/>.

Jólasveinalestur hefst líka á þessum degi. Þá var jólabókum ásamt skráningarmiðum deilt niður á kennslustofur í 2. - 5. bekk. Reynslan sýnir að jólasveinalesturinn þarf að hefja um miðjan nóvember því oft er minni tími til ánægjulesturs í skólanum í desember vegna annarra verkefna tengdum jólum.

Alþjóðadagur barna 20. nóvember 2021. Samkomutakmarkanir voru í skólanum en bókum var stillt sérstaklega upp á safninu og kennarastofu. Upplýsingar á: <https://www.barnaheill.is/is> og <https://www.barnasattmali.is>.

Rithöfundaheimsóknir 2021

13. október 2021 Skáld í skólum -. Dagskrá fyrir 9. og 10. bekk. **Að skrifa til að lifa!** Í kynningu segir:

Hið ritaða orð er hrifandi leið til þess að kynnast ólíkum menningarheimum og atburðum og að sama skapi ómetanlegt til að fá innsýn í eigin hugarheim og annarra. Að skrifa hjálpar okkur að læra af reynslunni, vinna úr brotakenndum hugsunum og kynnast sjálfum okkur og fólkinu í kringum okkur enn betur. Rithöfundarnir Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Bragi Páll Sigurðarson fjölluðu um hvernig það að halda dagbók og stunda skapandi skriftir opnar nýjar víddir og getur verið heilun fyrir snjáðar sálir. Þau fara með nemendum í hið hlykkjótt ferðalag að skriftunum, heilunina í sköpuninni og hversu erfitt sé stundum að skrifa en gott að hafa skrifað.

25. október 2021 kom **Hjalti Halldórsson** og las upp úr bókinni **Eldurinn** fyrir 8. bekk. Heyra mátti saumnál detta.

17. nóvember 2021 var **Ævar Þór Benediktsson** með netkynningu á Teams á **Þín eigin ráðgáta**. Nemendur fengu tækifæri til að taka þátt í kynningunni þar sem Ævar spurði spurninga og gaf þeim tækifæri til að spyrja hann líka. Kynningin tókst mjög vel.

Dagur mannréttinda barna 20. nóvember 2021. Bókum um réttindi barna stillt upp á safninu. Áhersla á <https://barnasattmali.is>

Fullveldisdagurinn 1. desember 2021. Bókum um Jón Sigurðsson stillt upp á safninu.

Kynningar á nýjum bókum í desember 2021. Netkynning með Þorgrími Þráinssyni var sýnd nemendum á yngsta stigi. Eins og fyrr tók safnstjóri saman í skjal vefslóðir á bókakynningar sem deilt var með kennurum, varðveitt á safninu og aðgengilegt hvar og hvenær sem er. Elstu nemendum stóð til boða að búa til rafrænar kynningar, fara í bekki og lesa upp úr nýjum bókum fyrir yngri nemendur.

Í desember og janúar er sérstök áhersla á nýjar bækur og þær settar í forgrunn á safninu. Þá eru nemendur hvattir til að koma með tillögur að bókum fyrir safnið.

Valentínusardagur 14. febrúar 2022. Ekkert varð úr viðburðinum Blint stefnumót við bók á safninu í vetur en elstu nemendurnir fóru á Blint stefnumót við bók á haustönn.

Alþjóðadagur móðurmálsins 21. febrúar 2022. Bókum stillt upp á safninu. Upplýsingar um Samtök móðurmáls eru á: <http://www.modurmal.com/leidarvisir/>

Alþjóðlegur dagur stærðfræðinnar 14. mars 2022. Þí dagurinn. Bókum um stærðfræði stillt upp á safninu. Upplýsingar á: <https://www.ki.is/faggreinafelog/flotur-samtok-staerdfraedikennara/?fbclid=IwAR1zJhCjJRwwwJhY5FGHkb3Qp6n8hasp86iiUfpBZe6u4m514s7U-FWwuM>

Stóra upplestrarkeppnin undankeppni 18. mars 2022. Undankeppni haldin í skólanum fyrir Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin var í Menntaskólanum á Akureyri 23. mars 2022. Valdir eru tveir aðalmenn og einn varamaður til að taka þátt í þeirri keppni. Upplestrarkeppnin er ekki keppni í venjulegum skilningi heldur þróunarferli. Höfuðáhersla er lögð á ferlið og að allir nemendur njóti góðs af verkefninu.

Bókaverðlaun barnanna 10. febrúar til 25. mars 2022. Á hverju vori er börnum á aldrinum 6-12 ára boðið að kjósa uppáhalds barnabækur ársins. Bókaverðlaun barnanna er hluti af SÖGUR, verðlaunahátíð barnanna sem sýnd er í beinni útsendingu á RÚV.

Í Brekkuskóla er öllum nemendum skólans heimilt að taka þátt í kosningunni. Kjörseðlar voru sendir til Amtsbókasafnsins þar sem tölurnar voru teknar saman og einn þátttakandi úr skólanum fékk bók sem viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Dagur barnabókarinnar 2. apríl 2022, fæðingardagur H. C. Andersen. IBBY á Íslandi heldur upp á dag barnabókarinnar með því að færa öllum grunnskólanemum landsins smásögu að gjöf. Þann 7. apríl las Guðni Líndal söguna *Það er skrímsli í súpunni minni*. Hér er tengill á upplesturinn og frekari upplýsingar: <https://ibby.is/2022/03/31/smasagan-thad-er-skrimsli-i-supunni-minni-eftir-gudna-lindal-benediktsson-i-tilefni-af-degi-barnabokarinnar-2022/>. Að þessu sinni kom dagurinn upp á laugardegi og fékk hann því miður litla athygli að þessu sinni. Árshátíðarundirbúningur var í fullum gangi og páskaleyfi í kjölfar árshátíðar.

Ljóðavor í apríl - Ljóðapríl. Páskaleyfi var í miðjum apríl og ekkert varð af ljóðavinnu en þess í stað voru kynntar nýjar bækur. Endurskoða þarf og finna heppilegri tíma til að leggja áherslu á ljóð.

Lestrarhvatningarverkefni

Í vetur var nemendum boðið upp á Ævintýralestur, Jólasveinalestur, Disneylestur og Dýralestur. Í september hófst Ævintýralestur í þriðja bekk, þá var nemendum boðið upp á að velja sér ævintýri til að lesa. Kennarar fengu bækurnar sendar í stofur og gátu þá aðstoðað nemendur við val á bókum. Lesa þurfti 3 bækur til að fá viðurkenningarskjal. Sami háttur var hafður með jólasveinalesturinn nema nemendur þurftu að lesa 5 jólabækur til að mega draga sér jólasveinaviðurnefni. Disneylestur hófst í febrúar og Dýralestur í apríl. Þessi lestur stóð öllum til boða sem komu á safnið og vildu taka þátt. Fyrir hvern lestrarmiða var sett eitt laufblað á lestrartréð á safninu.

Í haust var nemendum í 9. og 10. bekk boðið upp á bækur, sem búið var að pakka inn og skreyta, í kennslustofu. Verkefnið sem vakti áhuga nemenda kallast Blint stefnumót við bók. Við ígrundun á verkefninu kom fram sú hugmynd að sauma poka utan um bækurnar. Þá væri hægt að endurnýta pokana og minni tími færi í að pakka bókunum inn en þeim var pakkað inn í Andrésblöð og dagblöð.

Í vetur, eins og undanfarin ár, var reynt að halda á lofti og vekja athygli á rithöfundum meðal annars með því að kynna þá sérstaklega á afmælisdögum þeirra.

Samstarf

Barnabókaverðir á Akureyri eru með netfang fyrir dreifpóst sem er safnkennarar@amtsbok.is og samstarfshóp, Grunnskólasöfn á Eyjafjarðarsvæðinu sem er með netfangið skolasafn@akmennt.is. Reglulegt samstarf hefur verið á milli barnabókavara á Eyjafjarðarsvæðinu. Í vetur vegna samkomutakmarkana og veikinda starfsfólks náðist ekki að halda uppi reglulegu samstarfi en starfsfólk hittist eins oft og hægt var að koma því við.

Að lokum

Starfið í vetur var litað af Covid19. Mikið var um forföll starfsfólks og nemenda. Skólasafnið var notað til að leysa vandann sem skapaðist þá. Nemendahópar komu mikið á safnið, í þessum eyðum sem sköpuðust í kennslunni, til að lesa, spila og teikna. Lítið var um nýjungar á safninu. Hugmyndir sem voru í þróun og til stóð að vinna að í vetur urðu ekki að veruleika meðal annars vegna samkomutakmarkanna.



Nýtt bókasafnakerfi, sem verður veflægt, kemur í stað Aleph í sumar. Bókasafnakerfið byggir á Alma og Primo VE frá Ex Libris verður gangsett dagana 9.-13. júní 2022. Undirbúningur fyrir yfirfærslu gagna í nýja kerfið hefur staðið yfir í vetur og í byrjun maí hófust gagnaflytingar yfir í nýja kerfið. Þá var ekki hægt að vinna með bókfræðigögn, aðföng, eintakatengingar eða breytingar á eintökum. Þannig að eingöngu var hægt að nota Gegni fyrir útlán, skil og frátektir frá 9. til 30. maí. Þessi lokun á Gegni varð til þess að ekki var hægt að ganga frá og skila gögnum sem bárust safninu eftir 31. maí. Nýja bókasafnskerfið verður gangsett í júní þegar starfsfólk verður farið í sumarleyfi. Í haust má gera ráð fyrir töluverðri vinnu í tengslum við innleiðingu nýja kerfisins og frágangi á gögnum safnsins.



Fylgiskjal 1 Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla 2019-2024

Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla

“Velja, viðhalda og varðveita aðgang að þekkingu og menningu” (IFLA)

Aðföng

Aðfangastefna er hjálpartæki við uppbyggingu safnsins og viðhaldi þess. Aðfangastefna er endurskoðuð á 5 ára fresti. Hér fyrir neðan er stefna safnsins 2019 til 2024.

Það sem hafa þarf í huga við innkaup fyrir safnið:

Flokkur	Innkaup á nýjum bókum fyrir safnið:	Hámarks-kaup
A	Vinsælustu bækur og bókaflokkar hverju sinni.	3-6 eintök
B	Íslenskar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
C	Þýddar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
D	Erlendar teiknimyndasögur (t.d. Manga)	1 eintak
E	Fræðibækur	1-2 eintök
F	Vinsælar fræðibækur	3-6 eintök
G	Byrjendalæsisbækur	5-6 eintök

Smá saman með gjöfum eykst fjöldi bóka s.s. bækur um Kidda klaufa og fleiri vinsælar bækur. Ef mikil eftirspurn myndast eftir bók eru keypt fleiri eintök ef þörf krefur. Auk þess er leitast við að endurnýja vinsælar bækur og Byrjendalæsisbækur eftir þörfum. Varðandi spil þá er reynt að endurnýja þau eftir þörfum og kaupa að lágmarki 4 ný spil á ári.

Gjafir

Hafa þarf í huga varðandi gjafir:

- að gæta þagmælsku við móttöku gjafa.
- að þyggja gjafir nema þær séu gefnar með skilyrðum.
- að í sérstökum tilfellum eru gjafir merktar gefanda það á við um sjaldgæft efni eða efni sem hefur sérstaka þýðingu fyrir skólann og nærsamfélagið.

Grisjun

Grisjun felur í sér að fjarlægja efni af safninu sem ekki passar við safnkostinn. Tilgangur hennar er að:

- Spara pláss.
- Spara tíma starfsfólks og notenda.
- Gera safnið meira aðlaðandi.
- Auka trúverðugleika safnsins með því að fjarlægja úreltar upplýsingar.
- Gefa mynd af safnkostinum, styrkleikum hans og veikleikum.

Það sem hafa þarf í huga við grisjun:

Grisjaðar og afskrifaðar eru:

- Bækur sem eru illa farnar, rifnar og skítugar.
- Bækur sem hafa ekki farið í útlán í 4 ár.
- Bækur sem eru til í fleiri en einu eintaki en hafa ekki verið lánaðar út í 2 ár – afskrá aukaeintök.
- Bækur sem innihalda efni sem er óviðeigandi fyrir grunnskólabörn.

Nauðsynlegt er að hafa í huga útgáfuár og Dewey flokkstölur þegar grisjað er. Sjá töflu:

Flokkstala	Árafjöldi	Flokkstala	Árafjöldi
000	2-10 ár	700	5-15 ár
100	10 ár	800	Mismunandi - skáldsögur 10 ár
200	2-10 ár	900	15 ár
300	5-10 ár	920-921	Ævisögur ýmis viðmið
400	10 ár		Uppflettirit 5-7 ár
500	5-10 ár		Handbækur meta hverja og eina
600	5-10 ár		Tímarit 5 ár

- Hafa þarf í huga hvort komnar séu nýrri útgáfur sem nýtast í stað þeirra sem grisjaðar eru.
- Undanþegin grisjun eru safngögn með sérstaka þýðingu fyrir safnið og nærsamfélagið óháð útlánatiðni.

Áherslur næstu 5 ár

Skólaár	Áhersla
2019-2020	Grisja út í öllum flokkum eldgamalt efni og kaupa nýjar bækur, fyrir Byrjendalæsi, ensku og endurnýja vinsælt efni.
2020-2021	Grisja og kaupa bækur fyrir náttúrufræði, vinsælar skáldsögur, Byrjendalæsi og nýjar bækur.
2021-2022	Bæta við og grisja úr landafræði og sögu. Nýjar bækur, Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2022-2023	Grisja samkvæmt grisjunaráætlun. Kaupa nýjar bækur, kaupa fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2023-2024	Grisja samkvæmt grisjunaráætlun. Kaupa nýjar bækur, kaupa fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.

Fylgiskjal 2 Starfsáætlun 2021-2022

Skólasafn starfsáætlun 2021-2022

	Áætlun um viðburði og verkefni á skólasafninu	Verkefni
Ágú.	Skipulagsvinna, frágangur og útlán bóka. Nýjar bækur kynntar.	Sumarlestur (viðurkenningar)
Sep.	8. september. Dagur læsis. Lestur er bestur fyrir jörðina https://www.upplýsing.is/bokasafnsdagurinn2021/ 16. september. Dagur íslenskrar náttúru. https://vefir.mms.is/dagsins/dagur_isl_natturu/index.html https://landvernd.is/dagur-islenskrar-natturu-2021/ 26. september. Evrópski tungumáladagurinn. https://edl.ecml.at/Participate/Downloads/tabid/3156/Default.aspx Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum https://vigdis.hi.is/ 26.- 2. október. Vika bannaðra bóka. http://www.ala.org/advocacy/bbooks	Uppstilling á bókum – kynning á Blint stefnumót við bók Uppstilling á bókum (náttúrufræðingur skólans). Uppstilling texta á ýmsum Evrópskum tungumálum (lukkuhjólíð). Uppstilling á bókum sem hafa verið bannaðar (hluti nemenda aflar upplýsinga og kynnir bækur).
Okf.	26.- 2. október. Vika bannaðra bóka til að minna á tjáningarfrelsið og frelsi til að lesa. 27. október. Alþjóðlegi bangsadagurinn 31. október. Hrekkjavaka	Uppstilling á bókum sem hafa verið bannaðar. Uppstilling á bangsabókum. Valdar vinsælustu bangsasögurnar. Uppstilling á draugasögum.

Nóv.	8. nóvember. Baráttudagur gegn einelti. https://mms.is/dagur-gegn-einelti	Bókum sem tengjast góðum samskiptum stillt upp á safninu.
	11. nóvember. Norræni loftslagsdagurinn. https://vefir.mms.is/dagsins/loftslagsdagurinn/index.html https://natturan.is/	Áhersla á bækur tengdar umhverfismálum.
	15. – 21. nóvember. Norræna bókasafnavikan – Draumar og þrjár á Norðurlöndunum. Aukin fjarlægð og lokuð landamæri hafa verið einkennandi undanfarið. Það sem getur sameinað fólk yfir landamæri er einmitt draumar og þrjár. https://www.nordisklitteratur.org/is/	Norrænum bókum og fánum stillt upp á safninu.
	16. nóvember. Dagur íslenskrar tungu. https://vefir.mms.is/dagsins/dag_isl_tung/index.htm	Tungubrjótar (lukkuhjólíð).
	17. nóvember. Jólalestur.	Jólabækur teknar fram og stillt upp á safninu.
	20. nóvember. Dagur mannréttinda barna. https://barnasattmali.is/	Bókum um réttindi barna stillt upp á safninu.
Des.	1. desember. Fullveldisdagurinn. https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/heimastjorn-1904-1918/leidin-til-sjalfstaedis/ Bókakynningar	Kynning á skjaldarmerki og sögu Íslands. 9. og 10. bekkur kynnir nýjar bækur fyrir yngri nemendum.
	20. desember. Litlu jól.	Listi yfir bækur til upplestrar lagður fram.
Jan.	4. janúar. Nýjar bækur.	Nýjar bækur settar í forgrunn.
	6. janúar. Prettándinn.	Jólabækur teknar úr sýningu.

<i>Feb.</i>	<p>11. febrúar. Dagur íslenska táknmálsins. https://mms.is/frettir/dagur-islenska-taknmalsins</p> <p>21. febrúar. Dagur íslenska móðurmálsins. https://unesco.is/althjodadagur-modurmalsins/</p>	Uppstilling á bókum sem tengjast táknmáli og tungumálum.
<i>Mars</i>	<p>Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur http://upplestur.hafnarfjordur.is/</p> <p>Litla upplestrarkeppnin 4. bekkur http://upplestur.hafnarfjordur.is/keppnin-i-ar/litla-upplestrarkeppnin/</p> <p>Bókaverðlaun barnanna.</p> <p>14. mars. Dagur stærðfræðinnar. https://mms.is/frettir/dagur-staerdfraedinnar-14-mars-2021</p>	<p>Upplestur – hvatning.</p> <p>Veggspjald með barnabókum sem gefnar voru út 2021.</p> <p>Uppstilling á bókum sem tengjast stærðfræði. (lukkuhjólið).</p>
<i>Apr.</i>	<p>2. apríl. Dagur barnabókarinnar. https://ibby.is/vidburdir/dagur-barnabokarinnar/</p> <p>Ljóðapríl</p>	<p>Upplestur á Rás 1</p> <p>Uppstilling á ljóðabókum (lukkuhjóli).</p>
<i>Mái</i>	Skil, frágangur og mat.	
<i>Júní</i>	Skil, frágangur og mat.	
	<i>Önnur verkefni sem dreifast yfir skólaárið</i>	
	<p>Afmælisdagur rithöfunda</p> <p>Lestrarhvatning (Disneylestur, drekalestur, ævintýralestur, sjóræningjalestur, Herramannalestur, jólalestur, ljóðalestur, tröllalestur, dýralestur) https://gamanoggagn.wordpress.com/</p>	<p>Uppstilling á bókum rithöfunda á afmælisdegi þeirra.</p> <p>Lestrartré á skólasafni (laufblað sett á tréð fyrir hverjar 5 bækur sem lesnar eru í þemum).</p>

	<p>Blint stefnumót við bók</p> <p>Allt skólaárið er vakin athygli á bókum og lestri MenntaRúv notað til að tengja starfið við mál líðandi stundar og vakin athygli á bókum tengdum þeim. https://www.menntaruv.is/6til12ara</p> <p>Verkefnavinna og upplýsingaleit</p>	<p>Umsagnir nemenda gerðar sýnilegar á safninu.</p> <p>Myndir af bókum hengdar upp á göngum skólans og kynntar á safninu.</p> <p>Bækur teknar til á bókavagna sem fara í stofur.</p>
<p><i>Hugmyndir í þróun sem þarf að ræða</i></p>		
	<p>Uppáhalds barnabók Hugmynd að hengja upp mynd af kennara með uppáhalds barnabókina sína. Gera sýnilegra að kennarar lesa líka.</p> <p>Tengja foreldra betur við safnið með því að bjóða þeim að koma með börnum sínum á samtalsdegi og velja með þeim bók til að lesa.</p> <p>Fjölga rithöfundaheimsóknum í skólann?</p> <p>Bókaormur mánaðarins?</p>	